

Sp. 46. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]
um undirbúning löggjafar um eftirlit með jarðborunum.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða undirbúningi löggjafar um eftirlit með jarðborunum og leggja fyrir Alþingi, eigi síðar en á næsta þingi, frumvarp um það efni.

Greinargerð.

Alþingi samþykkti 10. des. 1952 svofellda þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um eftirlit með jarðborunum og leggja fyrir næsta þing frumvarp um það efni.“

Því miður hefur slíkt frumvarp ekki enn verið lagt fyrir Alþingi. Er þó þörfin brýn og vaxandi með hverju ári, sem liður. Hitaveitur eru nú komnar í Reykjavík, Ólafsfirði, á Selfossi og Sauðárkróki, og víðar er í ráði að gera hitaveitur. eru þessi mannvirki ómetanlegur hitagjafi fyrir íbúa þessara byggðarlaga, og þjóðinni allri spara þau dýran, erlendan gjaldeyri. En mjög skortir á, að hitaveiturnar njóti nægrar verndar og öryggis. Jarðboranir annara aðila í grennd við hinar virkjuðu lindir geta dregið úr vatnsmagni þeirra og teflt þannig í tvísýnu þeim hitaveitum, sem fyrir eru.

Það er ljóst, að löggjöf verður að setja hið bráðasta um eftirlit af hálfu hins opinbera með borunum eftir heitu vatni. Hér er um þjóðfélagsnauðsyn að ræða. Tillaga þessi er flutt til þess, að Alþingi láti enn í ljós vilja sinn í þessu efni.